



LANDSSAMBAND ELDRI BORGARA

Landssamband Eldri Borgara 111, 104 Reykjavík
Símanúmer: 5909000
Vefur: www.leb.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2376
komudagur 28.4.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsógn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, 515. mál, aðgerðir í tengslum við tengslum við kjarasamninga

Landssamband eldri borgara fagnar frumvarpi um hækkun persónuafsláttar en telur, að það gangi of skammt. Persónuafsláttur á samkv. frumvarpinu að hækka um kr. 2000 á mánuði í byrjun árs 2009, um kr. 2000 á mánuði árið 2010 og um kr. 3000 á mánuði árið 2011. Alls er hækkunin því kr. 7000 á mánuði þegar öll hækkunin er komin til framkvæmda árið 2011. Benda verður á, að þetta er fyrir utan verðlagshækkanir.

Ef staðið væri myndarlega að hækkun persónuafsláttar gæti það verið mikil kjarabót fyrir ellilífeyrisþega, öryrkja og allan þorra launþega í landinu.

Landssamband eldri borgara telur, að skattleysismörkin eigi að fylgja launavísitölu. Ef þau hefðu fylgt launavísitölu frá árinu 1988, þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp, væru þau í dag í kringum 150 þúsund krónur á mánuði. Þetta eru þau skattleysismörk, sem LEB telur eðlileg í dag. Hins vegar gerir LEB sér ljóst, að því marki verður ekki náð í einu vetfangi.

Benda má á að nú stefnir allt í að nýgerðum kjarasamningum verði stefnt í uppnám vegna ört hækkandi verðbólgu. Með hliðsjón af því skorar LEB á ríkisstjórnina að grípa þegar í stað tækifærið og leysa aðsteðjandi vanda með samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins um verulega hækkun skattleysismarka. Það væri kjarabót sem kæmi öllum til góða og væntanlega forða því að forsendur kjarasamninga brestu með ófyrirséðum afleiðingum og óðaverðbólgu.

Reykjavík, 25. apríl 2008

Virðingarfyllt

Helgi K. Hjálmsón
formaður LEB

Þórgóttur S. Kjærnestad
framkv.stj.LEB